Reglugerð um Íslandsmeistaramót í ólympískum hnefaleikum

1. **Almennt:**

   1.1. Mótið er útsláttarkepppni í öllum þyngdarflokkum Elite karla og kvenna, ásamt ungmenna- og unglingaflokkum karla og kvenna.

   1.2. Fjöldi keppnisdaga fer eftir fjölda þáttakenda í fjölmennasta þyngdarflokknum.

2. **Hlutgengi:**

   2.1. Allir þeir sem hafa gilda þáttökubók frá HNÍ og eru skráðir í hnefaleikafélag innan vébanda HNÍ, í félagakerfi ÍSÍ og eru Elite keppendur eða ungmenni/unglingar og hafa verið skráð á vor- eða haustbikarmótaröð HNÍ hafa þáttökurétt eða hafa keppt að lágmarki fjórar viðureignir frá janúar árinu áður.

      2.1.1. Erlendir ríkisborgarar þurfa að auki að hafa haft samfellda búsetu hérlendis í a.m.k. Þrjú ár. Keppandi má eingöngu keppa á meistaramóti eins lands hvert ár.

   2.2. Ef einstaklingur fær viðureignir á vorbikarmóti en sýnir svo engan keppnisvilja á vorbikarmótarröðinni er keppnisréttur á Íslandsmóti dreginn til baka.

   2.3. Þyngdarflokkur sem einstaklingur er skráður í á vorbikarmóti er einnig flokkurinn sem skráð er í á Íslandsmeistaramót.

      2.3.1. Ef þyngdarflokkur er tómur eða tæmist fyrir vigtun er hægt að veita undanþágu og færa keppanda upp um þyngdarflokk. Að því gefnu að keppandi nái lágmarksþyngd fyrir flokkinn og að þjálfari viðkomandi keppanda veiti samþykki fyrir því að hann fari upp um flokk.

   2.4. Ef einstaklingur skráir sig á vorbikarmót og fær engar vidureignir gildir skráningin á Íslandsmótið ennþá.

   2.5. Ef einstaklingur er skráður á vorbikarmót og fær viðureignir en getur ekki keppt vegna meiðsla er krafa gerð um sönnun meiðsla til þess að keppandi eigi rétt til þátttöku á Íslandsmeistaramóti. Framvísa þarf læknisvottorði eða fá skráð af lækni/bráðaliða viðkomandi bikarmóts að keppandi sé ekki keppnisfær.

3. Innvigtun:

3.1. Keppendur í öllum þyngdarflokkum skulu vera tilbúnir til innvigtunar að morgni fyrsta keppnisdags. Innvigtun á sér stað að lágmarki 3 klst fyrir fyrstu viðureign. Umsjónarmaður mótsins getur gefið undanþágu á tíma takmörkunum ef nauðsyn krefst.

3.2. Tveir fulltrúar frá HNÍ sjá um innvigtun. Fulltrúar félaga er leyfilegt að vera viðstaddir innvigtun en mega ekki hafa neina áhrif á hana.

3.3. Keppandi er bundinn að keppa í þeim þyngdarflokki sem hann setti á umsókn sína sem hann skilaði inn til HNÍ.

3.4. Keppandi sem nær ekki vigt fyrsta keppnisdag er skráður úr móti og fær ekki þáttökur.

3.5. Einungis má stíga einu sinni á vigtina við innvigtun. Keppandi verður að stíga á vigt hvern keppnisdag og vera innan síns þyngdarflokks.

3.6. Innvigtun skal lokið á einni klukkustund. Keppandi tapar sem ekki stenst innvigtun eða mætir ekki innan tímamarka.

3.7. Keppandi verður fyrir innvigtun að fá undirritun í þátttökubók vegna þátttökuhæfni frá lækni mótsins.

3.8. Þyngdin er það sem vogin sýnir þegar keppandi er nakinn. Skráð þyngd á að vera í metrakerfi. Heimilt er að nota rafeindavogir.

3.9. Keppendur eiga rétt á því að einstaklingar af sama kyni sjái um innvigtun þeirra.

4. Hvíldartími

4.1. Mótshaldara ber að sjá til þess að lágmarki líði 12 klst. á milli viðureigna hjá keppendum í þeim tilfellum sem fleiri en 2 einstaklingar eru í þyngdarflokknum.

5. Hlutkesti

5.1. Dregið skal í keppnina eftir læknisskoðun og innvigtun

5.2. Dregið skal í viðurvist fulltrúa viðkomandi keppenda og eiga þeir að sjá til þess, ef kostur er, að enginn keppi tvo leiki áður en hinir hafa keppt a.m.k. einu sinni.

5.2.1. HNÍ getur í sérstökum tilfellum vikið frá þessari reglur. Hlutkesti skal varpa þannig að sá sem sat hjá í fyrstu umferð keppir fyrst í annari umferð.

5.3. Engum keppanda skal veita meistaramótsverðlaun án keppni.

6. Styrkleikaflokkar

6.1. Mótanefnd HNÍ er heimilt að raða keppendum eftir styrkleika áður en dregið er, til þess að reyna tryggja sanngirni á meðal keppanda.

6.2. Ef mótanefnd telur þurfa að skipta keppendum upp í styrkleikaflokka skal tilkynna það fulltrúum allra keppanda fyrir drátt. Ekki er heimilt að skipta keppendum í fleiri en tvo flokka og skal keppendum skipt jafnt. Ef fjöldi keppenda er í oddatölu skal sterkari flokkurinn vera með auka manninn.

6.3. Við mat á styrkleika keppenda skal horfa á heildarleikjafjölda í bók ásamt árangri á alþjóðlegum og innlendum meistaramótum ásamt styrk móta sem keppandi hefur unnið til verðlauna á. Ekki skal þó fara lengra en þrjú ár aftur í tímann þegar árangur móta er metinn.

7. Setið hjá

7.1. Ef keppendur eru fleiri en fjórir í þyngdarflokk skulu það margir sitja hjá í fyrstu umferð, að þegar henni er lokið verði eftir eftir í næstu umferð 4, 8, 16 o.s.frv. keppendur.

7.2. Keppandi, sem sat hjá í fyrstu umferð, skal keppa fyrstu í annarri umferð. Ef tala þeirra sem sátu hjá er ójöfn þá keppir sá sem fékk hæsta númerið við sigurvegarann í fyrstu forlotunni.

7.3. Ef tala þeirra sem sitja hjá er jöfn tala skulu keppendur sem sitja hjá keppa í fyrstu viðureignum annarrar umferðar í þeirri röð sem þeir voru dregnir.

7.4. Enginn getur unnið tvo leiki í röð á fjarveru (walk over) eða setið hjá í umferð og unnið þá næstu á fjarveru. Ef það gerist skal varpa hlutkesti að nýju milli þeirra keppenda sem ekki unnu á fjarveru eða sátu hjá í fyrri umferðum. Fyrsti keppandinn sem þá er dreginn út mætir þeim sem sat hjá eða sigraði á fjarveru í fyrri umferðum, en eftir það er dregið á venjubundinn hátt.

8. Niðurröðun

8.1. Á íslandsmeistaramóti skal, ef kostur er, raða leikjum þannig niður að léttustu flokkarnir byrji í hverri umferð og síðan þyngdarflokkarnir koll af kolli í réttri röð. Síðan byrja léttustu flokkar næstu umferðar o.s.frv.

Dæmi með 11 keppendum.

1. umferð.	2.umferð	3. umferð	4. umferð
1-2 (1 vinnur)	7-8 (7 vinnur)	7-9 (7 vinnur)	7-11 (7 vinnur)
3-4 (3 vinnur)	9-10 (9 vinnur)	11-3 (11 vinnur)	
5-6 (5 vinnur)	11-1 (11 vinnur)		
	3-5 (3 vinnur)		

Dæmi um leikjaniðurröðun í þyngdarflokkum með 5 - 25 þátttakendum.

1.umferð

Fjöldi Þátt.	Leikjafj.	Yfiseta	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð
5	1	3	2	1		
6	2	2	2	1		
7	3	1	2	1		
8	4	-	2	1		
9	1	7	4	2	1	
10	2	6	4	2	1	
11	3	5	4	2	1	
12	4	4	4	2	1	
13	5	3	4	2	1	
14	6	2	4	2	1	
15	7	1	4	2	1	
16	8	-	4	2	1	
17	1	15	8	4	2	1
18	2	14	8	4	2	1
19	3	13	8	4	2	1
20	4	12	8	4	2	1
21	5	11	8	4	2	1
22	6	10	8	4	2	1
23	7	9	8	4	2	1
24	8	8	8	4	2	1
25	9	7	8	4	2	1